

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

Söltuð ufsaflök:	U. S. \$	pr. kg. cif.
16/20 FF .....		2.97
— AB .....		2.52
21/25 FF .....		2.87
— AB .....		2.42
26/30 FF .....		2.77
— AB .....		2.34
31/35 FF .....		2.66
— AB .....		2.26
36/40 FF .....		2.56
— AB .....		2.16
41/45 FF .....		2.45
— AB .....		2.07
46/50 FF .....		2.34

Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1980.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

4. febrúar 1980.

Nr. 150.

## AUGLÝSING

um flutning prestseturs í Vallanessprestakalli í Múlaprófastsdæmi frá Vallanesi til Egilsstaða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Múlaprófastsdæmis, sóknarnefnda í Vallanessprestakalli og sóknarprestisins í Vallanessprestakalli, er hér með mælt svo fyrir, að prestsetur framangreinds prestakalls skuli flytja frá Vallanesi í Vallahreppi til Egilsstaða.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. febrúar 1980.*

Vilmundur Gylfason.

*Þorleifur Pálsson.*